


Akureyrbær  
 b.t. skipulagsstjóra  
 Geislagata 9  
 600 Akureyri

Akureyri, 5.04.2019


**Varðar: Lagnaleiðir fyrir strenglagnir, Rangárvellir - Hólsvirkjun.**

Verkfræðistofan Efla, fyrir hönd Rarik ohf, kt. 520269-2669, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Akureyrbæjar skv. 13 gr. skipulagslaga nr.123/2010, vegna framkvæmda við lagningu háspennustrengja frá aðveitustöð Rarik við Rangárvelli á Akureyri.

Um er að ræða 3 x 36 kV einleiðarastrengi, 2 x 11 kV háspennustrengi auk ljósleiðara í eigu Orkufjarskipta og verða strengirnir grafnir í jörð nema austan Nautafjöru þar sem þeir verða plægðir í jörð (sjá kennisnið G og N).



Kennisnið G.



Kennisnið N.

Lagnaleið er færð inn á meðfylgjandi yfirlitsmynd og hefur henni verið breytt lítillega frá fyrri ósk eiganda (bréf dags. 20. Júlí 2016), m.a. til hagræðingar og lágmörkunar á raski núverandi yfirborðs.

Lagnaleiðin er sem fyrr eftir Rangárvöllum, í eystri kanti götunnar og þverar síðan Hlíðarfjallsveg. Þar eru hún færð inn á tún sem er sunnan Hlíðarfjallsvegar og fylgir þar vatnslögn Norðurorku. Lega hennar er síðan óbreytt þar til suðurs og yfir Glera á reið- og göngubrú. Hún þverar síðan Miðhúsaveg og fer sunnan lóðarmarka Vegagerðarinnar við Miðhúsaveg 1 og áfram meðfram göngustíg að norðanverðu að undirgöngum. Þar breytist lega hans, en hún verður sunnan Miðhúsabrautar og þverar þar Kjarnagötu og síðan Miðhúsabraut, sunnan við gatnamót Þórunnarstrætis þar sem hann fylgir fyrri samþykktri legu. Gert er ráð fyrir að hann verði í syðri kanti fyrirhugaðs göngustígar að gatnamótum Naustabrautar, en þar fer hann í núverandi göngustíg, tæpa 200 metra og síðan við hliða hans að austanverðu þar til að hann beygir til austurs og fylgir núverandi fráveitulögn. Hann þverar síðan Miðhúsabrautina og fer með austurkanti hennar uns hann þverar hana að nýju austan gatnamóta Naustafjöru. Strengirnir verða síðan plægðir frá þessum stað og munu þvera Drottningarbraut við bensínstöð N1 og eru síðan áfram í suðurkanti Hringvegar í átt að Leirubrú þar sem þeir tengjast síðan strengjum frá Hólvirkjun.

Gert er ráð fyrir 3 tengistöðum á þessari leið og eru um 1.400 m á milli þeirra.

Frágangur á yfirborði lagnaleiðar verður færður til fyrri vegar og viðeigandi vinnustæðamerkingar verða settar á öllum viðeigandi svæðum þar sem hugsanlegar truflanir geta orðið á umferð. Merkingar verða einnig settar upp við Naustafjöru/Miðhúsabraut og Þórunnarstræti/Miðhúsabraut vegna tímabundinnar lokunar á núverandi göngustíg og verða þær framkvæmdir tímasettar í vikum 33 og 34.

Framkvæmdatími er frá lokum júnímánaðar og til loka septembermánaðar nú í ár.

Óskað er eftir því að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir lagningu háspennustrengjann skv. framansögðu. Hjálagðar eru yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða legu strengjanna.

f.h. Rarik ohf



Helgi Már Pálsson,  
Efla verkfræðistofa, Glerárgata 32  
[helgi.palsson@efla.is](mailto:helgi.palsson@efla.is)

